

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/69*  
*komudagur 28.10.2013*

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

**Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 3. mál. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.**

FÍB telur mikilvægt að koma eftirfarandi sjónarmiðum félagsins á framfæri varðandi ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkunar á krónutölusköttum og gjaldskrár fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna hækkun á olúgjaldi, almennu og sérstöku kílómetragjaldi, almennu og sérstöku bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og bifreiðagjaldi. Gert er ráð fyrir að þessi hækkun skili ríkissjóði samanlagt 800 millj. kr.

Rekstur heimilisbílsins er um 15,5% af útgjöldum heimilanna. Hækkun eldsneytis og hækkun á verði nýrra sem notaðra bíla hefur bitnað illa á flestum heimilum í landinu. Heimili í dreifbýli sem þurfa að sækja þjónustu eða vinnu um langan veg eru oft í verstu stöðunni. Þessar hækkunir hafa aukið á vandamál heimilanna og vega þungt í daglegum rekstri. Bílakostnaðurinn hefur einnig veruleg áhrif á vísitölu neysluverðs með tilheyrandi hækkun á verðtrygðum lánum.

Eldsneytisskattar eru að öllu leyti fyrir utan virðisaukaskatt krónutöluskattar. Frá efnahagshruninu 2008 hafa þessir skattar hækkað verulega til viðbótar við hækkun innflutningsverðs vegna markaðspróunar og gengishruns íslensku krónunnar. Samkvæmt frumvarpinu hafa bensíngjöld hækkað frá desember 2008 um 51% en olúgjald um 33,5% á sama tíma. Þá segir að olúgjaldið hafi nánast staðið í stað að raungildi frá því fyrir hrún en bensíngjöldin hækkað að raunvirði. Síðan fara höfundar frumvarpsins í þá vafasömu tölfræði að tala um að vægi skatta, þ.m.t. virðisaukaskatts, í útsöluverði eldsneytis hafi minnkað nokkuð síðustu ár. Í töflunni hér undir koma allt aðrar staðreyndir í ljós. Staðreyndir sem heimilin og fyrirtækin hér á landi þekkja. Í töflunni er skipting eldsneytisverðs tekið fyrir í febrúarmánuði frá 2008 til 2013. Áætlaður árskostnaður fjölskyldu fer í þessum samanburði frá rúmum 275 þúsund krónum í tæplega 527 þúsund krónur sem er hækkun um 91,2% og á

sama tíma hækkuðu greiðslur þessarar sömu fjölskyldu vegna bensínskatta um 76,5% sem er vissulega lægri prósentutala en engu að síður skattahækkun um ríflega 106 þúsund krónur. Vístala neysluverðs í febrúar 2013 var 43,2% hærri en í febrúar 2008.

## Meðalverð mánaðar

### Bensín

Br 08-13

Mánuður og ár	feb.08	feb.09	feb.10	feb.11	feb.12	feb.13	
Innkaupsverð kr á lítra	42,90	35,50	66,85	77,30	97,74	104,60	143,8%
Vörugj	9,28	10,44	22,94	23,86	24,46	24,46	163,6%
Fl.jöfn gjald	0,36	0,36	0,36	0,40	0,40	0,46	27,8%
Bensingjald	32,95	37,07	37,07	38,55	39,51	39,51	19,9%
Kolefnisgjald	0,00	0,00	2,60	3,80	5,00	5,00	
Vsk.	27,08	28,42	40,61	43,96	50,73	53,54	97,7%
Álagning, flutningur ofl.	25,03	32,61	29,42	28,48	31,81	40,92	63,5%
Álagning, flutn. m/vsk.	31,16	40,60	36,63	35,74	39,92	51,36	64,8%
Útsöluverð - sjálfsafgr.	137,60	144,40	199,85	216,35	249,65	263,50	91,5%
Skattar kr.	69,67	76,29	103,58	110,57	120,10	122,97	76,5%
Skattar %.	50,63%	52,83%	51,83%	51,11%	48,11%	46,67%	
Árskostnaður fjölsk.	275.200	288.800	399.700	432.700	499.295	526.990	91,5%
Þar af skattur yfir ár	139.339	152.576	207.159	221.145	240.197	245.944	76,5%

## Meðalverð mánaðar

### Dísilolía

Br 08-13

Mánuður og ár	feb.08	feb.09	feb.10	feb.11	feb.12	feb.13	
Innkaupsverð kr á lítra	49,40	41,10	69,10	89,00	107,08	108,60	119,8%
Olúgjald	41,00	46,12	52,77	54,88	56,25	56,25	37,2%
Fl.jöfn gjald	0,78	0,78	0,78	0,82	0,88	0,92	17,9%
Kolefnisgjald	0,00	0,00	2,90	4,35	5,75	5,75	
Vsk.	27,88	32,00	39,00	44,54	52,24	53,77	92,9%
Álagning, flutningur ofl.	22,59	42,60	33,60	25,61	34,89	39,31	74,0%
Álagning, flutn m/vsk	28,13	53,04	41,84	32,14	43,79	49,34	75,4%
Útsöluverð á dísilolíu	141,65	162,60	198,15	219,20	257,10	264,60	86,8%
Skattar	69,66	78,90	95,45	104,59	115,12	116,69	67,5%
Skattar %.	49,18%	48,52%	48,17%	47,72%	44,78%	44,10%	
Árskostnaður fjölsk.	283.300	325.200	396.300	438.400	514.200	529.200	86,8%
Þar af skattur yfir ár	139.313	157.799	190.892	209.183	230.245	233.373	67,5%

Varðandi IV. kafla þar sem fjallað er um breytingu á lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald, þá er vert að benda á að bifreiðagjaldið hefur hækkað umfram verðlagsþróun frá hrúni. Þótt viðbótar hækkun á grundvelli verðlagsþróunar hefur þar með þegar verið framkvæmd. Hækkun bifreiðagjalds er hrein skattahækkun en ekki verðlagsaðlögun.

Virðingarfyllt,

*Félag íslenskra bifreiðaeigenda*

---

Runólfur Ólafsson  
Framkvæmdastjóri